

Nr. 61.  
22.  
nóvbr.

## Námulög.

**Vjer Frederik hinn Áttundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

### 1. kafli.

#### Um málmleit.

##### 1. gr.

Sjerhverjum skal heimilt, samkvæmt ákvæðum þeim, sem hjer fara á eptir, að leita máлма og málmblendinga í landareignum landssjóðs og kirkjujarða, svo og í almenningum, öræfum og afrjettum, sem eigi liggja undir jarðeignir einstakra manna eða sveitarfjelaga, sem metnar eru til dýrleika. Sama gildir og um landssjóðs- og kirkjujarðir, sem seldar verða eptir að lög þessi ganga í gildi og um jarðir, sem áður eru seldar samkvæmt lögum nr. 31, 20. október 1905 um sölu þjóðjarða.

##### 2. gr.

Sá, er vill málmleit gjöra, skal hafa málmleitarbrjef og sýna það jarðeiganda áður en hann byrjar málmleit, eða þeim, sem landið hefur til nytja. Áður en hann tekur til málmleitar, skal hann setja þá trygging, er brjefið tiltekur, fyrir skaða þeim, er kann að hljótask af málmleitinni.

Málmleitarbrjef gefur lögreglustjóri og veitir það þeim mönnum einum, sem honum eru persónulega kunnir eða sanna það með vottorði tveggja skilríkra manna, hverir þeir sjeu. Málmleitarbrjef gildir um 2 ár frá dagsetningardeggi, og að eins í lög-sagnarumdæmi útgefanda. Leyfisbrjef til málmleitar í almenningum og öðrum lands-svæðum, sem eigi eru metin til dýrleika, veitir stjórnarráð Íslands, og skal leitarsvæðið þar tiltekið.

Fyrir málmleitarbrjef skal greiða 2 kr. til landssjóðs.

##### 3. gr.

Málmleit má eigi fram fara án leyfis jarðeiganda eða þess, sem jörð hefur til nytja, á túni eða öðru ræktuðu landi, eða á stöðum, er liggja nær íbúðarhúsum, úti-húsum eða öðrum mannvirkjum, svo sem brúm, en 130 metra. Á alfaravegum, kirkju-görðum eða grafreitum má málmleit ekki eiga sjer stað.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

# LOV

om

## Bjærgværker.

Nr. 61.  
22  
Novbr.

**Vi Frederik den Ottende**, af Guds Naade Konge til Danmark,  
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,  
Lauenborg og Oldenburg,

*Gøre vitterligt*: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

### 1. Afsnit.

#### Om Eftersøgelse af Metaller.

##### § 1.

Enhver er berettiget til overensstemmende med efterfølgende Bestemmelser at søge efter Metaller og Ertser paa Landskassens og Kirkejordernes Grund, samt paa Almindinge, Ødemarker og Fjældgræsgange, der ikke henhøre til privates eller Kommuners til Dyrhed ansatte Ejendomme. Det samme gælder med Hensyn til de Landskasse- og Kirkejorder, der afhændes efter denne Lovs Ikrafttræden, samt de i Henhold til Lov Nr. 31 af 20. Oktober 1905 om Salg af Landskassens Jorder allerede afhændede Jorder.

##### § 2.

Den, der ønsker at søge efter Metaller, maa dertil have en Bevilling og forevise samme for Jordejeren eller Brugerens af Jorden, inden han begynder paa Eftersøgningen. Inden denne begyndes, har han desuden at stille den i Bevillingen bestemte Sikkerhed for den Skade, der maatte foraarsages ved samme.

Politimesteren udsteder Bevilling til Eftersøgning af Metaller, og meddeler den kun til saadanne Personer, som ere ham personlig bekendte eller legitimere deres Forhold ved to gode Mænds Attest. Bevillingen gælder for 2 Aar fra Udstedelsesdagen og ikkun i Udstederens Jurisdiktion. Bevilling til Eftersøgning af Metaller paa Almindinge og andre Grundstrækninger, der ikke ere ansatte til Dyrhed, meddeles af Islands Ministerium, der i Bevillingen fastsætter Omraadet for Eftersøgningen.

For Bevilling til Eftersøgelse af Metaller erlægges 2 Kr. til Landskassen.

##### § 3.

Eftersøgning maa ikke uden Jordejeren eller Brugerens Samtykke finde Sted paa Hjemmemark eller anden dyrket Grund, eller paa Steder, som ere beliggende i mindre end 130 Meters Afstand fra Vaaningshuse eller Udhuse eller andre Indretninger, saasom Broer. Paa Alfarvej, Kirkegaarde eller Begravelsespladser maa Eftersøgning af Metaller ikke finde Sted.

Nr. 61. Lov af 22. November om Bjærgværker.

Nr. 61. Ef málmleit fer fram í minni fjarlægð en 200 metra frá íbúðarhúsi annars manns eða alfaravegi, skal málmleitarmaður skyldur til, að viðlagðri 30 kr. sekt, að gjöra íbúum hússins aðvart, þegar hann ætlar að sprengja grjót, og setja verði á veginn til að aðvara vegfarendur. Nú vanrækir hann þetta, og skal hann þá auk sektanna bæta þann skaða, er af vanrækslu þessari kann að hljótast.

## 4. gr.

Nú er gjör gryfja til að leita að málm, og skal þá sá, er gjörði, hvort sem er í eigin landi eða annara, halda uppi gripheldri girðing um hana, svo framarlega sem hún er orðin svo djúp, að alidýr geti farið sjer þar að voða. Ef hætt er grepti, skal sá, er gjörði, annaðhvort fylla gryfjuna eða girða hana með tryggilegum grjótgarði. Vanræki hann þetta, sæti hann 50 kr. sekt og bæti skaða þann, er af kann að hljótast.

## 5. gr.

Málmleitarmaður er skyldur til að bæta allan þann skaða, sem jarðeigandi eða sá, er landið hefur til nytja, bíður af málmleit hans.

## 6. gr.

Sá er hindrar nokkurn í lögmætri málmleit sæti sektum frá 5—50 kr. og bæti þar að auki málmleitarmanni allan þann skaða, er hann sannar, að hann hafi beðið við það.

## 7. gr.

Nú finnur málmleitarmaður vott þess, að fyrir sje málmur, og skal hann þá, svo framarlega sem hann vill njóta fundar síns framar öðrum, senda skriflega tilkynning í tveim eintökum um fund sinn til lögreglustjóra eða stjórnarráðsins, eptir því hvar málmur hefur fundizt (sbr. 2. gr. 2. málslíð). — Í tilkynningunni skal fundarstaðurinn nákvæmlega tilgreindur, og tilnefndir 2 vottar, sem á hann geti vísað. Móttakandi ritar á tilkynningarnar ár, dag og klukkustund, er þær bárust honum, og hafi annar maður síðustu 12 mánuði þar á undan sent og auglýst á lögmætan hátt tilkynning um málmfund á sama svæði, ritar móttakandi athugasemd um það á tilkynningarnar. Annað eintakið af tilkynningunni afhendist þegar tilkynnanda, gegn 1 kr. gjaldi til landssjóðs. — Finnandi skal því næst annast um, að landeiganda sje birt, að viðstöddum tveim vottum, að tilkynningin hafi fram farið, svo og að tilkynningin, ásamt áritun, sje innan 8 vikna birt í blaði því, sem flytur stjórnarvaldauglýsingar á Íslandi.

## 2. kafli.

## Um málmgraptarbrjef.

## 8. gr.

Heimill er málmgröptur til allra málma og málmblendinga, nema rauða, á landssvæðum þeim, er getur um í 1. gr.

## 9. gr.

Nú vill sá, er fundið hefur vott um, að málmur sje fyrir, grafa þar til málm, og skal hann þá innan 18 mánaða frá tilkynningu um fundinn (sbr. 7. gr.) senda skrif-  
Nr. 61. Námulög 22. nóvember.

Hvis Eftersøgning af Metaller finder Sted i en mindre Afstand end 200 Meter fra en anden Mands Vaaningshus eller Alfjarvej, skal Eftersøgeren være pligtig til under en Bøde af 30 Kr. at advare Husets Beboere, inden han foretager Sprængning af Stene, samt stille Vogtere paa Vejen for at advare vejfarende. Forsømmes saadant, skal han foruden Bøden erstatte den Skade, der maatte foraarsages ved Forsømmelsen.

Nr. 61.  
22.  
novbr.

#### § 4.

Den der ved Eftersøgning af Metaller graver en Grube, skal hvad enten det er paa hans egen Grund eller en andens, opsætte og vedligeholde et forsvarligt Gærde om Gruben, saafremt den er bleven saa dyb, at Husdyr kunne komme til Skade i den. Naar en Grube opgives, skal den, som gravede den, enten fylde den eller sætte et forsvarligt Stengærde omkring den. Forsømmelse heraf straffes med en Bøde af 50 Kr., hvorhos den foraarsagede Skade skal erstattes.

#### § 5.

Eftersøgeren af Metaller er pligtig til at erstatte al den Skade, som Jordens Ejer eller Bruger lider ved Eftersøgningen.

#### § 6.

Den, som hindrer nogen i en lovlig Eftersøgning af Metaller, straffes med Bøder fra 5 til 50 Kr., og erstatter desuden Eftersøgeren al den Skade, som bevislig derved er paaført ham.

#### § 7.

Finder Eftersøgeren af Metaller Tegn til, at saadanne er til Stede, skal han, saafremt han vil nyde sit Fund fremfor andre, i to Eksemplarer sende en skriftlig Anmeldelse om sit Fund til Politimesteren eller Ministeriet efter Beliggenheden af Stedet, hvor Fundet er sket (jfr. § 2, 2. Stykke). I Anmeldelsen skal Stedet for Fundet nøjagtigt angives og 2 Vidner opgives, som kunne paavise samme. Modtageren forsyner Anmeldelsen med en Paategning om Datum og Klokket for Modtagelsen, og har en anden Mand i de næstforegaaende 12 Maaneder indsendt og bekendtgjort paa lovlig Maade Anmeldelse om et Metalfund paa den samme Strækning, giver Modtageren Anmeldelsen en Paategning derom. Det ene Eksempel af Anmeldelsen afleveres straks til Anmelderen imod et Gebyr af 1 Kr. til Landskassen. Finderen har derefter at sørge for, at det forkyndes for Grundejeren i Overværelse af 2 Vidner, at Anmeldelsen har fundet Sted, saavel som at Anmeldelsen med Paategning inden 8 Uger kundgøres i det til offentlige Bekendtgørelser i Island autoriserede Blad.

## 2. Afsnit.

### Om Bevilling til Minedrift.

#### § 8.

Minedrift paa de i § 1 omhandlede Landstrækninger er tilladt med Hensyn til alle Metaller og Ertser undtagen Myremalm.

#### § 9.

Vil den, der et Sted har opdaget Tegn til Metaller, foretage Metalgravning paa Stedet, skal han inden 18 Maaneder fra Anmeldelsen om Fundet (jfr. § 7) sende en

Nr. 61. <sup>22.</sup>lega beiðni um graptarleyfi til lögreglustjóra eða stjórnarráðs Íslands (sbr. 2. gr.). Í <sup>nóvbr.</sup>umsókninni skal tilgreint, til hvaða málm eða málma umsækjandi ætli að grafa. Frá þeim tíma, er tilkynningin um fundinn fór fram, samkvæmt 7. gr., og til loka þessara 18 mánaða, getur síðari málmfundur eigi svipt fyrri finnanda rjetti til útmælingar þeirrar, sem 4. kaffi laga þessara heimilar honum. Sje aptur á móti vanrækt að senda nefnda umsókn innan hins ákvæðna tíma, er öllum heimilt að notfæra sjer málmfundinn, sem finnandi væri.

Nefnd stjórnarvöld rita þegar á málmgraptarbeiðnina dag og klukkustund, er hún barst þeim, og gefa síðan út málmgraptarbrjef, og skal þar tilgreint nafn, heimili og staða málmgraptarmannsins, og hvaða málm eða málma hann ætli að vinna, og í hvers landareign eða hvar málmfundarstaðurinn sje. Eigi má neita neinum um málmgraptarbrjef, en fari svo, að fleiri en eitt brjef verði veitt fyrir sama málmfundarstað, skal fyrsti finnandi hafa forgöngurjett, hafi hann gætt ákvæða laga þessara.

Málmgraptarbrjef skal innfæra orðrjett í námubrjefabók.

#### 10. gr.

Nú vill einhver taka upp vinnu á málmleitarstöðum eða í námugryfjum, sem öllum er orðinn heimill finnandarjettur að, eða gjöra tilraun til að vinna málm úr uppgrepti eða öðru úrkasti úr og við námur, sem hætt hefur verið við, og skal þá tilkynning um það fram fara á sama hátt og fyrirskipað er um tilkynningar um nýja málmfundi. Innan 6 mánaða frá auglýsing tilkynningarinnar skal tilkynnandi, að viðlögðum rjettarmissi, sækja um málmgraptarbrjef hjá stjórnarráðinu eða lögreglustjóra.

#### 11. gr.

Auglýsing málmgraptarbrjefa til sveita skal fara fram innan 4 mánaða frá dagsetningu þeirra við kirkju eptir messu í kirkjusókn þeirri, er málmfundarstaður liggur í. Ef staðurinn liggur í kaupstaðarlandi, skulu málmgraptarbrjef birt á þann hátt, sem venja er í kaupstaðnum, og ef staðurinn liggur á öðrum landssvæðum en þeim, sem nefnd eru, skulu brjefin auglýst í blaði því, sem löggilt er til að flytja stjórnarvaldaauglýsingar. Ef auglýsing dregst fram yfir nefndan frest, skal svo litið á, sem málmgraptarbrjefs fyrst hafi verið beiðst þann dag, er það var auglýst.

#### 12. gr.

Fyrir málmgraptarbrjef skal greiða 25 kr. til landssjóðs.

### 3. kaffi.

Um námueigandahlut og rjettindi námurekanda og landeiganda hvors gagnvart öðrum.

#### 13. gr.

Þegar vottur finnst þess að málmar sjeu fyrir, sem heimilt er að heimta málmgraptarbrjef til, samkvæmt 8. gr., hefur námueigandi rjett til að taka þátt í rekstrinum með finnanda að einum fimmta hluta. Í afrjettum, almenningum og öræfum, sem ekki eru metin til dýrleika, telst landssjóður námueigandi. Nefnd ákvæði gilda og um leitar-  
Nr. 61. Námulög 22. nóvember.

skriftlig Ansøgning om Tilladelse dertil til Politimesteren eller Islands Ministerium Nr. 61. (jfr. § 2). I Ansøgningen bør angives, hvilket Metal eller hvilke Metaller Ansøgeren agter at grave efter. Fra den Tid da Anmeldelsen om Fundet fandt Sted ifølge § 7 og til Udgangen af disse 18 Maaneder, kan et senere Metalfund ikke berøve Finderen Retten til den ham ved nærværende Lovs 4. Afsnit hjemlede Udmaaling. Forsømmer han derimod at indsende bemeldte Ansøgning inden den bestemte Frist, er enhver berettiget til at gøre sig Metalfundet nyttigt, som om han var Finder.

22.  
Novbr.

De nævnte Myndigheder give Ansøgningen om Tilladelse til Metalgravning. Paategning om Dag og Klokkeslet for dens Modtagelse og udstede derefter Bevilling til Minedrift, hvori angives Metalgraverens Navn, Hjemsted og Stilling, og hvilke Metaller han agter at udvinde, samt paa hvis Grund, eller hvor Stedet for Metalfundet er. Bevilling til Minedrift kan ikke afslaaes, men hvis mere end een Bevilling udstedes for det samme Metalfundested, skal den første Finder have Fortrinsret, saafremt han har iagttaget denne Lovs Bestemmelser.

Bevillingen til Minedrift bør indføres ordret i en Mineprotokol.

#### § 10.

Naar nogen vil optage Arbejde paa Steder, hvor der søges efter Metaller, eller i Gruber, hvor Finderetten er bleven fri for alle, eller vil gøre Forsøg paa at udvinde Metaller af det opgravede eller andet Affald fra eller ved Miner, som er opgivne, bør Anmeldelse herom ske paa samme Maade som foreskrevet er om Anmeldelse om nye Metalfund. Inden 6 Maaneder fra Anmeldelsens Kundgørelse skal Anmelderen under Tab af Retten ansøge om Bevilling til Minedrift hos Ministeriet eller Politimesteren.

#### § 11.

Bekendtgørelse af Bevillinger til Minedrift paa Landet skal ske inden 4 Maaneder fra Udstedelsesdagen ved Kirken efter Gudstjenesten i det Kirkesogn, hvor Stedet for Metalfundet er beliggende. Hvis Stedet er beliggende paa en Købstads Grund, skulle Bevillinger til Minedrift kundgøres paa den Maade, som er sædvanlig i Købstaden, og hvis Stedet er beliggende paa andre end de nævnte Omraader, skulle Bevillingerne bekendtgøres i det til offentlige Bekendtgørelser autoriserede Blad. Hvis Kundgørelsen udsættes udover den nævnte Frist, skal Ansøgningen om Bevilling til Minedrift betragtes som indgivet den Dag, da den blev bekendtgjort.

#### § 12.

For Bevilling til Minedrift erlægges et Gebyr af 25 Kr. til Landskassen.

### 3. Afsnit.

Om Grubeejerlod og Forholdet mellem den Minedrivende og Grundejeren.

#### § 13.

Naar der findes Tegn til, at der forefindes Metaller, som ifølge § 8 er Genstand for Bevilling til Minedrift, har Grubeejeren Ret til at deltage i Driften for en Femtedel imod Finderen. Landskassen betragtes som Grubeejer i Fjeldgræsgange, Almindinge og Ødemarker, som ikke ere ansatte til Dyrhed. Bemeldte Bestemmelser gælde ogsaa Nr. 61. Lov af 22. November om Bjærgværker.

Nr. 61. gryfjur og námur, er öllum er orðinn heimill finnandarjettur að, svo og um uppgröpt  
 22.  
 nóvbr. og annað úrkast úr og við námur, sem hætt hefur verið við.

## 14. gr.

Nú tjáir námueigandi sig vilja neyta rjettar þess til eins fimmta hluta í rekstrinum, er 13. gr. heimilar honum, og hefur hann þá rjett til samtímis að krefjast þess, að einn fimmti hluti þess, er úr málmfundarstaðnum hefur unnið verið, skuli vera þar kyrrt, þangað til samningar eru komnir á við hann eða þann, sem hann hefur afsalað rjetti sínum.

## 15. gr.

Námueigandi skal, að viðlögðum missi rjettar síns til hluttöku í rekstrinum, innan 6 mánaða frá því að málmgraptarbrjefið var tilkynnt honum, segja til, hvort hann að sínum hluta vilji taka þátt í rekstrinum, og skal þá, ef hann kveður sig fúsan til þess, gjöra skriflegan samning um skilmálana fyrir hluttökunni. Nú vill námueigandi ekki taka þátt í rekstrinum, eða getur eigi innan 3 mánaða þar frá orðið á eitt sáttur við málmnema um skilmálana, eða vill ekki ganga að skilmálum þeim, er lögreglustjóri setur þeirra í milli, og hefur eigi heldur orðið ásáttur við málmnema eða aðra um afsal á rjetti sínum, og skal honum þá enn veittur 3 mánaða frestur til að selja hlut sinn við opinbert uppöð,\*og skal þá í uppboðsskilmálunum sett ákvæði um, að kaupandi, svo framarlega sem hann eigi innan eins mánaðar frá hamarshöggi sje orðinn ásáttur við málmnema og hafi gjört um það skriflegan samning, skuli skyldur að hlíta skilmálum þeim, er lögreglustjóri setur þeirra á milli. Nú hefur námueigandi eigi ráðstafað hlutdeildarrjetti sínum á þann hátt, er sagt var, og fellur rjettur hans þá til málmnema.

Fyrir frumvarp til samnings ber lögreglustjóra 8 kr., og sje þess krafizt, að hann takist ferð á hendur til málmfundarstaðarins, greiðast honum dagpeningar og ferðakostnaður samkvæmt lögum nr. 2, 2. febr. 1894, 4. og 6. gr.

## 16. gr.

Námueigandi eða sá, sem fengið hefur samkvæmt 15. gr. afsal á rjetti hans, skal skyldur að taka tiltölulega þátt í kostnaðinum við reksturinn, frá því er hann byrjar, enda á hann hlut í eptirtekjunni frá sama tíma.

## 17. gr.

Sá, sem fengið hefur málmgraptarbrjef fyrir málmfundarstað, hefur rjett til að krefjast þess, að landeigandi eða landeigendur láti af hendi við sig, gegn fullu endurgjaldi, nægilegt land undir brautir, vegi og stíga, bæði við námuna og til burtflutnings frá henni og undir uppgröpt og byggingar við námuna, svo og til fyrirhleðslu og burtleiðslu vatns, undir námuvjelar og þess konar. Enn fremur leyfi landeigandi málmnema vatnsnot til reksturs vjelanna, svo framarlega sem það er ekki notað til reksturs annars iðnaðar, eða af því verður sjeð að skaðlausu fyrir þann iðnrekstur.

## 18. gr.

Landeigandi fær aptur eignar- og umráðarjett á landi því og vatnsnot, sem hann hefur látið af hendi samkvæmt 17. gr., þegar það er ekki notað lengur við námugröpt. Námurekandi heldur þó rjetti sínum eptir 39. gr.

om Eftersøgningsgruber, til hvilke Finderetten er bleven alle og enhver fri, saavel som det opgravede og andet Affald fra og ved Miner, som ere opgivne.

Nr. 61.  
22.  
Novbr.

#### § 14.

Erklærer Grubeejeren at ville benytte den Ret til en Femtedel i Driften, som hjemles ham i § 13, har han Ret til at forlange, at en Femtedel af det, som alt er udvundet paa Stedet, forbliver der urørt, indtil der er truffet Overenskomst med ham eller den, til hvem han har overdraget sin Ret.

#### § 15.

Grubeejeren skal, under Fortabelse af den ham tilkommende Ret til Deltagelse i Driften, inden 6 Maaneder fra den Tid, da Bevillingen til Minedrift blev ham forkyndt, erklære, om han for sin Part vil deltage i Driften, og skal da, hvis han dertil erklærer sig villig, skriftlig Kontrakt oprettes om Vilkaanene for Deltagelsen. Hvis Grubeejeren ikke vil deltage i Driften, eller han ikke inden 3 Maaneder derefter kan komme overens med Metalgraveren om Betingelserne, eller vil gaa ind paa de af Politimesteren imellem dem fastsatte Vilkaar, og ej heller har truffet Overenskomst med Metalgraveren eller andre om Overdragelsen af sin Ret, skal der endnu tilstaas ham en Frist af 3 Maaneder til at afhænde sin Part ved en offentlig Auktion, i hvilket Fald der i Auktionskonditionerne skal optages en Bestemmelse om, at Køberen, saafremt han ikke inden en Maaned efter Hammerslag er kommet overens med Metalgraveren og derom har oprettet skriftlig Kontrakt, skal være pligtig til at finde sig i de Betingelser, som Politimesteren bestemmer dem imellem. Har Grubeejeren ikke paa den ommeldte Maade disponeret over sin Andel, tilfalder hans Ret Metalgraveren.

For at give Udkast til en Overenskomst tilkommer der Politimesteren 8 Kr., og forlanges det, at han foretager en Rejse til Metalfindestedet, betales der ham Diæter og Rejseudgifter overensstemmende med Lov Nr. 2 af 2. Febr. 1894 §§ 4 og 6.

#### § 16.

Grubeejeren eller den, som ifølge § 15 har faaet hans Ret overdraget, er pligtig til at tage forholdsmæssig Del i Omkostningerne ved Driften fra den Tid, den begynder, og har ogsaa fra samme Tid Ret til Andel i Udbyttet.

#### § 17.

Den, som har faaet Bevilling til Minedrift paa et Metalfindested, har Ret til at forlange, at Grundejeren eller Grundejerne afstaa til ham imod fuldt Vederlag tilstrækkelig Plads til Baner, Veje og Gangstier, baade ved Gruben og til Bortførelse fra den, saavel som til Anbringelse af det opgravede og til Opførelse af Bygninger ved Gruben, samt endvidere til Opdæmning og Bortledning af Vand, til Minemaskiner og deslige. Endvidere bør Grundejeren tillade Metalgraveren Benyttelse af Vand til at drive Maskinerne, saafremt det ikke benyttes til Driften af en anden Industri, eller det uden Skade kan afses fra denne.

#### § 18.

Grundejeren erholder paany Ejendoms- og Raadighedsret til den efter § 17 afstaaede Grund med Vandforsyning, naar det ikke længer benyttes til Minedriften. Den Minedrivende beholder dog sin Ret overensstemmende med § 39.

Nr. 61. Lov af 22. November om Bjærgværker.

Nr. 61.

22.  
nóvbr.

19. gr.

Nú semur landeiganda og námurekanda ekki um endurgjaldið nje um stærð lands þess, sem 17. gr. heimilar, eða um vatnsnotin, og skulu þá óvilhallir dómkvaddir menn gjöra um það. Kostnaðinn við mat þetta greiðir sá, er afhendingar krefst, nema landeigandi hafi krafizt yfirmats og það gengur honum á móti, þá greiðir hann kostnaðinn. Landeigandi getur krafizt þess, að endurgjald verði greitt honum allt í einu eða með árlegu gjaldi.

#### 4. kafli.

##### U m ú t m æ l i n g u n d i r n á m u.

20. gr.

Hver sá, sem fengið hefur málmgraptarbrjef fyrir málmfundarstað (9. gr.), á heimting á, að fá útmælt námusvæði. Sá, sem fengið hefur útmælt land, samkvæmt ákvæðum þessa kafa, hefur einn rjett til málmnáms á því.

21. gr.

Útmælingar skal beiðast af lögreglustjóra, ef svæðið liggur í landi jarðar, sem metin er til dýrleika, en hjá stjórnarráðinu, ef það liggur á öðrum landssvæðum. Lögreglustjóri framkvæmir útmælingar á hinum fyr nefndu svæðum og færir gjörðina í námubrjefabókina og afhendir beiðanda útskrift úr henni. Stjórnarráðið setur reglur um útmælingar á hinum síðarnefndu svæðum.

22. gr.

Útmælingin skal vera rjetthyrndur ferhyrningur allt að 10,000 ferhyrningsmetrar að flatarmáli. Takmörk útmælingarinnar skulu talin lóðrjett í jörð niður.

23. gr.

Málmfundarstaðurinn skal vera innan takmarka útmælingarinnar, en útmæla má í hverja þá stefnu, er sá, er útmælingar beiðist, óskar, svo framarlega sem það kemur ekki í bága við rjettindi annara námurekanda eða 3. gr.

24. gr.

Innan eins árs í síðasta lagi frá því útmælingar hefur krafizt verið, skal hlut-  
aðeigandi stjórnarvald láta hana fram fara.

25. gr.

Stjórnarvald það, er framkvæmir eða lætur framkvæma útmæling, ákveður hvenær hún skuli fara fram, en sá, er hennar hefur krafizt, skal annast um, að þeim, sem umráðarjett hafa yfir landinu eða eiga þar rjett til náma eða málmleitarstaða, er útmælingin gæti komið í bág við, sje stefnt til að vera við útmælinguna með sama fresti og í einkamálum.

26. gr.

Fyrir útmæling greiðist 15 kr. þeim, er hana gjörði, og þar að auki dagpeningar og ferðakostnaður samkvæmt lögum nr. 2, 2. febr, 1894. 4. og 6. gr.

Nr. 61. Námulög 22. nóvember.

## § 19.

Kan Grundejeren og den Minedrivende ikke komme overens om Vederlaget for eller Udstrækningen af den i § 17 hjemlede Grund eller om Benyttelsen af Vandet, skal Vederlaget fastsættes af uvillige inden Retten udmeldte Mænd. Omkostningerne ved denne Vurdering betales af den, som forlanger Afstaaelsen, medmindre Grundejeren har forlangt Overskøn og det gaar ham imod, i hvilket Fald han betaler Omkostningerne derved. Grundejeren kan forlange, at Vederlaget erlægges en Gang for alle eller med en aarlig Afgift.

Nr. 61.  
22.  
Novbr.

## 4. Afsnit.

## Om Udmaaling af Minearealet.

## § 20.

Enhver, som har faaet Bevilling til Minedrift paa et Metalfindested (§ 9), har Krav paa at faa udmaalt et Mineareal. Den, som har faaet udmaalt et Grundstykke overensstemmende med Forskrifterne i dette Kapitel, har udelukkende Ret til Minedrift paa samme.

## § 21.

Udmaaling skal rekvireres hos Politimesteren, hvis Arealet er beliggende paa en til Dyrhed ansat Jordejendom, men hos Ministeriet, hvis det er beliggende paa andre Landstrækninger. Politimesteren udfører Udmaalinger paa de førstnævnte Grundstykker, og indfører Forretningen i Mineprotokollen, af hvilken der leveres en Udskrift til Rekvirenten. Ministeriet fastsætter Regler for Udmaalinger paa de sidstnævnte Landstrækninger.

## § 22.

Det udmaalte Areal skal være en retvinklet Firkant af indtil 10,000 Kvadratmeters Størrelse. Arealets Grænser regnes lodret nedad.

## § 23.

Stedet for Metalfundet skal være indenfor Udmaalingsens Grænser, men forøvrigt kan Udmaalingen gives i hvilken som helst Retning Rekvirenten ønsker, for saa vidt saadant ikke kommer i Strid med andre Minedrivendes Rettigheder eller med § 3.

## § 24.

Inden et Aar efter at Udmaaling er rekvireret, skal vedkommende Myndighed lade den udføre.

## § 25.

Den Myndighed, som udfører eller lader udføre en Udmaaling, bestemmer, naar den skal foregaa, men Rekvirenten har at sørge for, at de, som have Raadighed over Grunden, Ret til Miner eller til Eftersøgning af Metaller paa samme, der kunde blive berørte af Udmaalingen, tilkaldes til at overvære denne med samme Varsel som i private Sager.

## § 26.

For Udmaalingen betales 15 Kr. til den, som foretager den, og desuden Diæter og Rejseudgifter overensstemmende med Lov Nr. 2 af 2. Februar 1894 §§ 4 og 6.

Nr. 61. Lov af 22. November om Bjærgværker.

## 5. kafli.

## Um fresti.

## 27. gr.

Nú er vinnu ekki haldið áfram á málmleitarstað eða í námu, er málmgraptarbrjef er veitt fyrir, og er þá hverjum og einum heimill finnandarjettur á staðnum eða námunni, nema því að eins, að um frest hafi verið sótt innan tveggja mánaða frá því að vinnu var hætt. Þó þarf ekki frestbrjef fyrsta árið eptir að málmleitarbrjef hefur verið gefið, og eigi heldur, þótt vinnu sje hætt um vetrartímamann fyrstu 3 árin eptir að rekstur hefur hafizt.

## 28. gr.

Frestbrjef, eða leyfi til þess að láta málmleitar- eða málmgraptarstað standa óunninn tiltekinn tíma, skal stjórnarráðið eða lögreglustjóri veita (sbr. 2. gr.). — Beiðandi skal færa sönnur á það, að fyrir rekstrinum sjeu í svipinn verulegar tálmanir, sem beiðanda verða eigi gefnar að sök og stafi annaðhvort af sjerstökum og eigi viðvarandi ástæðum, að því er sjálfa námuna snertir eða rekstur hennar, eða þá frekari notkun eða vinnslu málsins eða málblendingsins. Brjef þetta gildir 14 mánuði frá dagsetning þess.

## 29. gr.

Frest má endurnýja svo lengi sem lögmætar ástæður eru fyrir honum.

## 30. gr.

Urskurði lögreglustjóra um að veita eða neita um frest getur námurekandi og hver annar, sem málið varðar, skotið undir endilegan úrskurð stjórnarráðsins.

Meðan á áfryjun stendur heldur námurekandi rjetti sínum. Nú er frestur veittur með úrskurði stjórnarráðsins og telst hann þá frá dagsetningu úrskurðarins.

## 31. gr.

Þegar frestur, sem veittur hefur verið á rekstri málmleitarstaðar eða námu, er útrunninn, skal rekstur þegar hafinn, en hafi verið sótt um frest og honum neitað, skal rekstur hafinn innan 8 vikna, að öðrum kosti skal öllum heimill finnandarjettur.

## 32. gr.

Nú skemmist náma, án þess námurekanda verði gefið að sök, af vatni úr annari námu, sem rekstursfrestur er á, og er þeim námurekanda þá skylt að ausa námu sína, en gjöri hann það eigi, er öllum heimill finnandarjettur að henni.

## 33. gr.

Frest má eigi veita á rekstri námu, er valdið hefur vatnsrennsli í nágrannanámu, nema námurekandi samþykki.

## 34. gr.

Nú vill námurekandi um sinn hætta að vinna málm úr uppgreptinum, og fer þá um frestleyfi til þess sem að framan er sagt.

## 5. Afsnit.

Nr. 61.  
22.  
Novbr.

## O m F r i s t b e v i l l i n g .

## § 27.

Naar Arbejdet ikke fortsættes paa et Metaleftersøgningssted eller i en Grube, for hvilken der er udstedt Bevilling til Minedrift, staar Finderretten til Stedet eller Gruben aaben for alle og enhver, medmindre der er bleven ansøgt om Fristbevilling inden to Maaneder efter at Arbejdet standsede. Dog behøves ikke Fristbevilling det første Aar efter at Bevilling til Eftersøgning af Metaller er udstedt, og heller ikke naar Arbejdet indstilles i Vintertiden i de første tre Aar, efter at Driften begynde.

## § 28.

Fristbevilling, eller Tilladelse til at lade et Metaleftersøgningssted eller en Grube henligge en bestemt Tid ubearbejdet, meddeles af Ministeriet eller af Politimesteren (jfr. § 2). Ansøgeren har at godtgøre, at der for Tiden stille sig saadanne væsentlige ham utilregnelige Hindringer i Vejen for Driften, men som hidrøre enten fra særlige, ikke vedvarende Aarsager, der angaa selve Gruben eller dens Drift, eller der videre Benyttelse eller Udvindelse af Metallet eller Ertsen. Denne Bevilling gælder i 14 Maaneder fra dens Udstedelse.

## § 29.

Fristbevillingen kan fornyes saa længe der er lovlige Grunde dertil.

## § 30.

Politimesterens Beslutninger om at tilstaa eller nægte en Fristbevilling kan af den, der driver Minen, og enhver anden, som Sagen angaar, indankes til Ministeriets endelige Afgørelse.

Saa længe Indankningen staar paa, beholder den Minedrivende sin Ret. Tilstaas der en Fristbevilling ved Ministeriets Resolution, regnes den fra Resolutionens Datum.

## § 31.

Saasnaar en med Hensyn til Arbejdet paa et Metaleftersøgningssted eller i en Mine tilstaaet Frist er udløbet, skal Arbejdet straks begynde, men er en saadan Frist bleven afslaaet, skal Driften gnoptages inden 8 Uger, i modsat Fald staar Finderretten aaben for alle.

## § 32.

Hvis en Mine, uden nogen Skyld fra Driftsherrens Side, beskadiges af Vand fra en anden Mine, med Hensyn til hvis Drift der er givet en Fristbevilling, da er den sidstnævnte Minedrivende pligtig til at øse denne læns, i modsat Fald staar Finderretten til den aaben for alle.

## § 33.

For en Mine, der foraarsager, at Vand trænger ind i en tilgrænsende Mine, maa der ikke tilstaas Fristbevilling med Hensyn til Driften, med mindre den sidstnævnte Mines Driftsherre samtykker deri.

## § 34.

Naar en Minedrivende for en Tid ønsker at holde op med at udvinde Metal af det opgravede, forholdes der med Fristbevilling med Hensyn hertil, som foran ommeldt.

Nr. 61.  
22.  
nóvbr.

35. gr.

Frestbrjef skulu innfærð orðrjett í námubrjefabókina. Fyrir frestbrjef greiðast 10 kr. í landssjóð.

36. gr.

Um auglýsing frestbrjefa fer sem um auglýsing málmgraptarbrjefa samkvæmt 11. gr.

## 6. kafli.

### Um rekstur náma og eptirlit.

37. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að setja reglugjörð um rekstur náma; skal þar meðal annars sett ákvæði, er miða að því að vernda líf og heilsu verkafólks í námunum, að námur sjeu tryggilega grafnar, að þær sjeu reknar svo að málmáður þeirra verði að fullum notum; svo skulu og vera ákvæði um eptirlit með þeim af hendi stjórnarvalda. Í reglugjörðunum má og setja ákvæði um reikningsfærslu við námu-reksturinn og um viðskipti námurekanda og vinnumanna við námuna.

Fyrir brot á móti reglugjörð má ákveða sektir allt að 1000 kr .

38. gr.

Við hverja námu skal vera bók, og skal í hana rita yfirlit yfir námureksturinn um hvern mánuð. Þar skal og rita skýrslu um það, sem við hefur borið eða tekið hefur verið eptir og snertir námuna eða málmæðarnar, og sjerstaklegt þykir eða athugavert. Skal útdráttur úr bók þessari um hvert ár sendur lögreglustjóra áleiðis til stjórnarráðsins eða beint til stjórnarráðsins (sbr. 2. gr.).

Nefndum stjórnarvöldum skal heimilt að krefjast þess, að námurekandi láti gjöra nákvæman uppdrátt af námu sinni, ef dýpri er en 10 metrar, og síðar verði bætt við á uppdráttinn, er náman stækkar.

## 7. kafli.

### Um niðurlagning náma.

39. gr.

Þegar náma er lögð niður, skal námurekanda heimilt að nota uppgröptinn úr henni þótt annar byrji að reka námuna.

40. gr.

Nú ætlar námurekandi að hætta við námu sína, og skal hann þá, að viðlagðri 30 kr. sekt, tilkynna það lögreglustjóra eða stjórnarráðinu (sbr. 2. gr.) 2 mánuðum áður, og jafnframt senda uppdrátt þann, sem gjörður hefur verið af námunni.

Nr. 61. Námulög 22. nóvember.

Fristbevillinger bør indføres ordret i Mineprotokollen. For en Fristbevilling <sup>22.</sup> erlægges 10 Kr. til Landskassen. Novbr.

Med Hensyn til Kundgørelse af Fristbevillinger forholdes som med Kundgørelse af Bevilling til Minedrift overensstemmende med § 11.

## 6. Afsnit.

### Om Miners Drift og Opsynet dermed.

Islands Ministerium bemyndiges til at udstede et Reglement om Driften af Miner; Reglementet skal blandt andet indeholde Bestemmelser, sigtende til at beskytte Minearbejdernes Liv og Sundhed, til at Minerne blive udgravede paa en betryggende Maade, og at de blive drevne paa en saadan Maade, at deres Metalforraad kommer til fuld Nytte; derhos skal det indeholde Bestemmelser om Tilsyn hermed fra Myndighedernes Side. I Reglementerne kunne ogsaa indsættes Bestemmelser om Regnskabsførelsen i Minedriften samt om Forholdet mellem Driftsherren og Minearbejderne.

For Overtrædelse af Reglementets Bestemmelser kan der fastsættes Bøder indtil 1000 Kr.

Ved hver Mine skal der holdes en Protokol, i hvilken indføres Oversigt over Driften hver Maaned. Der skal ogsaa indføres en Beretning om, hvad der indtræffer eller er blevet iagttaget vedrørende Gruben eller Metalaarerne, og som findes ejendommeligt eller af Betydning. Udskrift af denne Protokol skal aarlig enten gennem Politimesteren eller direkte (jfr. § 2) indsendes til Ministeriet.

De nævnte Myndigheder have Ret til at forlange, at den Minedrivende lader optage et nøjagtigt Kort over Minen, hvis den er dybere end 10 Meter, og at dette Kort kompletteres efter som Minen udvides.

## 7. Afsnit.

### Om Nedlæggelse af Miner.

Naar en Mine nedlægges, har den Minedrivende Ret til at benytte det opgravede, selv om en anden begynder at drive Minen.

Den der vil opgive Driften af en Mine, skal 2 Maaneder forinden under en Bøde af 30 Kr. gøre Anmeldelse derom til Politimesteren eller Ministeriet (jfr. § 2) og samtidig indsende det over Minen optagne Kort.

Nr. 61.  
22.  
nóvbr.

41. gr.

Nú er námurekstri hætt eða rjetturinn til að halda honum áfram er fallinn burt, og má þá fráfarandi ekki spilla neinu af því eða flytja burt neitt af því, sem gjört hefur verið eða sett upp til að halda námunni og göngum hennar tryggum. Byggingar og áhöld við námuna má fráfarandi því að eins flytja burt, að hann geti eigi orðið ásáttur við viðtakanda um afnot þeirra eða sölu.

### 8. kafli.

A l m e n n á k v æ ð i.

42. gr.

Stjórnarráðið löggildir námubrjefabækur lögreglustjóra.

43. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugjörðum þeim, er getur um í 37. gr., skulu rekin sem almenn lögreglumál. Sektir renna í landssjóð.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 22. nóvember 1907.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Frederik R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

## § 41.

Er Driften af en Mine opgivet eller Retten til at fortsætte den bortfalden, maa den fratrædende ikke beskadige eller borttage noget, der er bleven opført til Sikring af Minen eller Minegangene. Bygninger og Redskaber ved Minen maa den fratrædende kun bortføre for saa vidt som han ikke kan komme overens med den tiltrædende om deres Benyttelse eller Afhændelse.

**8. Afsnit.**

## Almindelige Bestemmelser.

## § 42.

Ministeriet autoriserer Politimestrenes Mineprotokoller.

## § 43.

Sager i Anledning af Overtrædelser af denne Lov samt af de i § 37 ommeldte Reglementer behandles som offentlige Politisager. Bøderne tilfalde Landskassen.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 22. November 1907.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Frederik R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

**Islands Ministerium, den 22. November 1907.**

***H. Hafstein.***

***Ólafur Halldórsson.***